

168
18. okt.

BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

um breyting á reglugerð frá 28. febr. 1947, um sérstakan tímareikning.

Árið 1949 skal klukkunni seinkað aðfaranótt sunnudagsins 30. október í stað aðfaranætur sunndagsins 23. október.

Dómsmálaráðuneytið, 18. október 1949.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

169
21. okt.

REGLUGERÐ

um holræsi á Hvammstanga.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, sem þar eiga hús að eða í námunda við, skylt að leggja ræsi frá húsum sínum, er flytji allt skolp frá þeim út í aðalræsið. Hreppurinn leggur til pípur í slík hliðarræsi, að húsi, en húseigandi kostar verkið að öðru leyti. Vanræki einhver að láta gera þessi holræsi innan hæfilegs frests, sem hreppsnefnd setur, getur hún látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt skal hann skýra oddvita eða þeim, sem hreppsnefnd hefur falið umsjá með lagningu holræsa um þorpið, frá því og fá samþykki þar til. Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi umsjónarmaður ávallt eftirlit með því, að vel sé frá öllu gengið.

3. gr.

Til að standast kostnað af holræsagerðinni og viðhaldi aðalræsa, ber hverjum húseiganda, sem hefur fengið hús sitt tengt við holræsakerfi hreppsins, eða átt kost á því samkvæmt 1. og 2. gr., að greiða til hreppsins árlegt holræsagjald, sem ákveðst þannig:

- a. Fast gjald af hverju húsi kr. 50.00.
- b. Fast gjald af hverri íbúð umfram eina í húsi kr. 20.00.
- c. 6% af fasteignamatsverði húseigna.

Samkomustaðir og verzlanir í íbúðarhúsum teljast ein íbúð hver.

Af hverju húsi, sem kemst í samband við holræsakerfið eða á kost á því, skal greiða sérstakt stofngjald, er nemi tvöföldu árgjaldi.

4. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess. Fyrir öllum kröfum, sem hreppurinn öðlast á hendur húseigendum samkvæmt reglugerð þessari, hefur hann lögtaksrétt, sem tryggður er með lögveðrétti

í lóð, mannvirkjum og húsum skuldunautar í næstu tvö ár eftir gjalddaga, með 169
förgöngu veðrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. 21. okt.

5. gr.

Árlegur gjalddagi holræsagjaldsins er 1. júlí og 31. desember næst á eftir að húsið komst í samband við holræsakerfið eða átti kost á því. Gjaldið greiðist oddvita eða þeim, sem hreppsnefnd felur innheimtu þess.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500.00 krónum
Mát út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með sem önnur lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. október 1949.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

REGLUR

um gerð rekakera.

170

26. okt.

Samkvæmt 34. og 76. gr. laga nr. 68 5. júní 1949 eru hér með settar reglur um gerð rekakera.

1. gr.

Rekakkeri, sem notuð eru í bjargbátum íslenzkra skipa, skulu vera þannig gerð:
Rekakkerin skulu vera keilumynduð, opin í báða enda.

Fyrir bjargbáta, sem eru allt að 8 m á lengd, skal efra opið vera 61 cm í þvermál.

Fyrir bjargbáta, sem eru 8 m og þar yfir, 69 cm í þvermál.

Neðra opið skal vera 12,5 cm í þvermál.

Lengd frá efra opi að því neðra skal vera 122 cm.

Báðir hringirnir skulu vera úr 10 mm galvaniseruðu járni.

Segldúkurinn skal vera 1. flokks dúkur í þremur hlutum, vel saumuðum saman, og á þeim kaðall 45 mm í þvermál, sem enda skal í hanafæti 75 cm löngum og með „kós“.

Kaðall rekakkersins skal vera:

Í bjargbátum minni en 7,92 m á lengd, 3 × lengdin, ummál 63 mm.

Í bjargbátum minni en 9,14 m á lengd, 3 × lengdin, ummál 76 mm.

Í bjargbátum yfir 9,14 m á lengd, 4 × lengdin, ummál 88 mm.

Kaðlinum skal vel fest í rekakkerið.

2. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum.

3. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Samgöngumálaráðuneytið, 26. október 1949.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.